



625. fundur stjórnar SASS

Sumarfundur - haldinn á Landhóteli

fimmtudaginn 14. ágúst 2025, kl. 12:00

Pátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Gauti Árnason, Helga Jóhanna Harðardóttir og Arnar Freyr Ólafsson sem tók þátt á Teams. Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð, auk starfsmanna SASS þau Ingvi Már Guðnason og Lína Björg Tryggvadóttir.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn og í framhaldi kynnir framkvæmdastjóri fyrirkomulag þessa vinnufundar þar sem stjórn er skipt niður í vinnuhópa til þess að fara yfir fyrstu þrjá liði dagskrárinnar. Hóparnir kynna svo niðurstöður sinna hópa fyrir allri stjórninni í lokin.

1. **Undirbúningur fyrir ársþing SASS** - hópinn skipa Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Helga Jóhanna Harðardóttir og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, ásamt Ingunni Jónsdóttur

a. Nefndarstarf

Tillaga um að endurskipuleggja nefndarstarf svo það samrýmist betur nýrri Sóknaráætlun á þann hátt að nefndirnar rými við flokka áætlunarinnar sem eru Atvinna- og nýsköpun / Samfélag / Umhverfi / Innviðir.

Eldri flokkar verða færðir undir þessa nýju flokka þannig að áfram sé öllum málefnum enn sinnt en undir nýjum flokkum og yrði sem hér segir: Atvinnumálanefnd fer undir Atvinnu- og nýsköpun; Mennta- og menningarnefnd fer undir Samfélag; Velferðarnefnd fer einnig undir Samfélag; Samgöngunefnd fer undir Innviði; Umhverfis- og skipulagsnefnd skiptist upp í Umhverfi (umhverfishlutinn) og skipulagshlutinn fer undir Innviði. Aðrar nefndir (Fjárhags- og allsherjarnefnd halda sér auk kjör- og kjörbréfa nefndar) munu halda sér.

Stjórn SASS skiptir jafnframt með sér að leiða nefndirnar sem hér segir:

Atvinna- og nýsköpun / Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Helga Jóhanna Harðardóttir

Samfélag / Sandra Sigurðardóttir og Brynhildur Jónsdóttir

Umhverfi / Jóhannes Gissurarson

Innviðir / Arnar Freyr Ólafsson og Gauti Árnason

Allsherjar- og fjárhagsnefnd / Árni Eiríksson og Anton Kári Halldórsson

Farið verður fram á að öll sveitarfélög tilnefni amk einn aðila í hvern af tilgreindum fjórum flokkum og jafnframt að leggja til við sína fulltrúa hvaða mál þau óska að rædd séu á fundunum.

b. Ályktanir

Ágætis verklag er komið á vinnu millipinga nefnda sem og það form sem nefndirnar skila af sér ályktunum fyrir þingið. Verður það verklag áfram nýtt og jafnframt brýnt fyrir þátttakendum við upphaf nefndarstarfa.



c. Umgjörð þingsins

Umgjörð þingsins er jafnframt í ágætis farvegi og verður það verklag áfram nýtt. Lagt er til að byggðapróunarfulltrúar SASS verðu þátttakendur í þinginu sem starfsmenn þess og verða hlutverk þeirra rædd á fundi með þeim í framhaldi.

- 2. Áhersluverkefni fyrir haustið 2025 / framhald** – hópinn skipar fagrað áhersluverkefna, Sandra Sigurðardóttir, Brynhildur Jónsdóttir og Gauti Árnason, ásamt Línu Björgu Tryggvadóttur

a. Áhersluverkefni ársins 2025

Á síðasta stjórnarfundinum skipaði stjórn fagrað áhersluverkefna. Fagraðið fór yfir tillögur að áhersluverkefnum fyrir árið 2025 og var niðurstaðan að veita eftirfarandi verkefnum styrk: Skjálftinn 2025 – hæfileikakeppni grunnskóla Suðurlands; Nýsköpunarstefna fyrir Suðurland; Orkuframtíð Suðurlands. Auk þess hafði stjórn SASS samþykkt fjármagn fyrir verkefnið ORKÍDEA og Sigurhæðir. Nánari upplýsingar um niðurstöður fagraðsins má finna í fundargerð ráðsins sem fylgir neðst í þessu skjali.

- 3. Upplýsingafundir stjórnar** – hópinn skipa Anton Kári Halldórsson og Jóhannes Gissurarson ásamt Ingva Má Guðnasyni

a. Tillögur að dagskrá upplýsingafunda SASS fram að áramótum

HSU mun hefja dagskrá haustsins þann 5. September n.k. en í framhaldi eru hugmyndir um að fá erindi um fjárhagáætlunargerð og áskoranir sveitarfélaga, Samgönguáætlun og Almennavarnir. Dagskrá verður kynnt þegar erindin hafa verið staðfest.

4. Innra starf SASS

Rætt um að fara í innri endurskoðun á hlutverki samtakanna, bæði inná við og útá við í samtali við sveitarfélögin og samstarfsaðila. Endurskoða heimasíðu og hvernig fréttum, upplýsingum, gögnum og öðru er miðlað. Eins rætt hvort þau verkefni sem SASS heldur utan um ættu að eiga sér stað undir sameiginlegri heimasíðu SASS til að auðvelda aðgengi.

5. Önnur mál til kynningar

Framkvæmdastjóri minnir á fund með Innviðaráðherra þann 20. ágúst nk kl.16:30 á Hótel Selfossi og hvetur alla til þess að mæta og hvetja fleiri til þess að skrá sig.

Rætt hvort sveitarfélögin á Suðurlandi ættu að endurskoða samþykktir um gæludýrahald með það fyrir augum að samræma það fyrir allt Suðurland. Stjórn bókar að málið verði skoðað áfram af starfsfólki SASS og skoðað jafnframt hvort slík samþykkt ætti heima undir lögreglusamþykktum.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 17:00

Næsti fundur stjórnar verður haldinn á Teams þann 5. september 2025



Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands 2025–2029

Niðurstaða vinnufundar fagraðs

Dagsetning: 14. ágúst 2025

Fundartími: 13:00–15:00

Markmið fundar

Að fara yfir og meta tillögur að áhersluverkefnum fyrir Sóknaráætlun Suðurlands 2025–2029 út frá skilgreindum viðmiðum og forgangsraða þeim fyrir framlagningu til stjórnar SASS.

Viðmið við mat

- **Tengsl við Sóknaráætlun 50% (1–3)** – styrkur tengsla við markmið og aðgerðir.
- **Áhrif (1–5) 25%**– væntanleg jákvæð áhrif á svæðið metið.
- **Afurð (1-5) 25%** - Hver er væntanleg afurð verkefnisins
- **Athugasemdir** – ábendingar um útfærslu eða forsendur.

Áhersluverkefni 2025	kostnaður	staðfest
Sigurhæðir	5.000.000	x
Okrídea	15.000.000	x
Skjálftinn	7.000.000	
Njálurefill	10.800.000	
Orkuframtíð Suðurlands	5.000.000	
Söguhringur Rangárv.sýslu	3.800.000	fyrri hluti
Menntahvöt plús	5.000.000	á ári x3 ár
Atvinnubrú plús	5.000.000	
Nýsköpunarstefna Suðurlands	2.500.000	
Áfangastaðurinn Uppsveitir	5.000.000	
Samtals:	64.100.000	

Fjármagn	Kr.	Eftirstöðvar
Samningur um Sóknaráætlun	127.433.889	
Umsýsla	12.000.000	
Uppbyggingarsj 2025 VOR	42.120.000	
		73.313.889
Uppb.sj 2025 HAUST (tillaga)		40.000.000
Áhersluverkefni 2025		33.313.889
þegar búið að úthluta		20.000.000
eftirstöðvar í ný verkefni		13.313.889



Niðurstaða nefndar

Verkefni	Tenging við Sóknaráætlun (1-3) 50%	Tenging við Sóknaráætlun Röktuðningur	Áhrif (1-5) 25%	Áhrif Röktuðningur	Áhrif til lengri tíma	Afurð (1-5) 25%	Afurð - Röktuðningur	Athugasemdir	Samtals	Óskað eftir
Okídea	3	Sterk tenging við nýsköpun, græna orku, hringrásarláusnir og atvinnuuppbyggingu á heildarsvæðinu.	5	Mikill áhrif á nýsköpun, atvinnuuppbyggingu og hringrásarhagkerfi í heildarlánshlutunum; tengir saman lykilaðila.	Skapar varanlegt samstarfsnet, rannsóknaraðstöðu og nýsköpunarumhverfi sem getur starfað sjálfstætt til framtíðar.	5	Skapar rannsóknar- og nýsköpunarinnviði, vinnuáðstöðu og samstarfsnet með beinum áhrifum á atvinnuuppbyggingu.	Ljóst er að sveitarfélagin vilja halda verkefnum áfram og því er brynt að finna varanlega fjármögnun. Ekki er æskilegt að verkefnið sé bundið við fjárveitingar úr Áhersluverkefnum.	17,5	15.000.000 kr
Nýsköpunarstefna fyrir Suðurland	3	Byggir á samvinnu lykilaðila, hefur áhrif á öll markmið um nýsköpun, menntun og atvinnuuppbyggingu.	5	Hefur áhrif á marga geira: nýsköpun, atvinnuuppbyggingu, menntun og samstarfsnettvang.	Mótar stefnu og verklag sem hefur áhrif á stefnumótun, fjármögnun og samstarf næstu ár.	4	Skýr stefna með mælanlegum aðgerðum sem leier til fjármögnunar og nýsköpunarverkefna.	Mikilvægt er að móta heildstæða stefnu fyrir Suðurland sem geti verið leiðarjón sveitarfélaga við gerð atvinnustefnu og annarrar stefnumótunar.	17,25	2.500.000 kr
Skjalflíttinn 2025	3	Styður við menningu, listir, samheldni og skólalastar.	4	Eykur sjálfsstraust, samstöðu og listfærni grunnskólabarna.	Getur haft mikil menningarleg áhrif á þátttakendur sem getur skipt sköpum í framtíðinni	5	Hefur verið framkvæmd árlega, gott skipulag og virkt samstarf við skóla.	Fagraðið hvetur þá sem halda keppnina að vera líflekara samstarfi við grunnskóla á Suðurlandi	17,25	7.000.000 kr
Sigurhæðir	3	Fellur beint að markmiðum um vellíðan, lýðheilsu, samheldni og forvarnir. Mikilvægt samfélagsverkefni fyrir allt svæðið.	4	Hefur veruleg jákvæð áhrif á lífsgæði og tryggi kvenna á öllu Suðurlandi; styður forvarnir og inngildingu.	Byggir upp langtímalösun fyrir þolendur með aðstöðu og faglegum innviðum; viðhaldið kveist þó reglulegar fjármögnunir.	5	Verkefnið er í rekstri með tryggðri aðstöðu, fagfólki og regulegum styrkjum.	Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra kvenna á Suðurlandi þannig að þær eigi tryggt athvörf þegar á þarf að halda. Ekki er æskilegt að verkefnið sé bundið við fjárveitingu úr Sóknaráætlun	17,25	5.000.000 kr
Orkuframtíð Suðurlands – Greining og undirbúningur fyrir áætlun um orkuöryggi	3	Nær yfir alla landshluta og fellur undir græna orku, innvið og nýsköpun.	5	Hefur áhrif á alla líbúa svæðisins með stefnumótun í orkumálum, orkuöryggi og sjálfbærni.	Skapar stefnu og verkáætlun sem mun leiða til langtímbreytinga í orkuöryggi og sjálfbærni.	4	Undirbúningsvinna í gangi en fjármögnun og pólitísk samstaða þurfa að nást.	Verkefnið nær til alls svæðisins. Mikilvægt er að hafa skýra yfirsýn yfir auðbúnað, umfang hennar og dreifingu. Það getur orðið eitt af lykiltækjum til að efla orkuöryggi og styðja við markvissa stefnumótun.	17,25	3.700.000 kr
Menntahvöt þús	3	Heildarsvæðisverkefni sem styður menntun, fæmi, fullorðinsfræðslu og innviðingu.	4	Beitir aðgengi fullorðna að námi og eflir innviðingu og atvinnuþátttöku; gagnast öllu svæðinu.	Byggir upp menntunarskið og kerfi sem geta haldið áfram með samstarfi og styrkjum	4	Byggir á núverandi verkefni með samstarfi Háskólafélags Suðurlands; fjármögnun fyrir hluta trygga.	Verkefnið er mjög mikilvægt og fagrað myndi vilja styrkja þetta verkefni ef fjármagn er til.	17	5.000.000 kr
Atvinnubrú þús	3	Heildarsvæðisverkefni sem tengir menntun, atvinnuflíð og starfsþróun.	4	Tengir atvinnuflíð, menntun og starfsþróun; styrkir atvinnuþátttöku á svæðinu.	Skapar tengilínet og verkið sem nýtast til langs tíma, þó viðhaldi þurfi til að halda virkni.	4	Fyrirmyndarverkefni er til staðar; fjármögnun hluta tryggt en þarf áframhaldandi stuðning.		17	5.000.000 kr
Njálurefllí – sögusýning	2	Mjög sterk tenging við menningu og ferðabjónustu, en landfræðilega takmarkað við einn stað.	3	Styrkir menningarar og ferðabjónustu á svæðinu, en áhrifin eru að mestu staðbundin.	Verður varanlegt sýning og menningarinnviður með mögulegum teikum af ferðabjónustu.	4	Hönnun og undirbúningur hafinn; fjármögnun hluta tryggt en vantar fulla fjármögnun.		11,75	5.000.000 kr
Áfangastaðurinn Uppsveitir – Fýsileikakönnun um miðlun sögu ferðabjónustunnar	2	Styður menningu og ferðabjónustu, en er staðbundin við Uppsveitir Árnessýslu.		Styrkir staðbundna ferðabjónustu og spenningsviðbúnað; takmarkað áhrifasvæði í upphafi.	Getur styrkt svæðisbundna ferðabjónustu til langs tíma ef markaðsstarfi er viðhaldið; annars dregur úr áhrifum.	3	Forsendur og fýsileikakönnun tilbúin en þarf að leggja fram framhald háð fjármögnun og samstarfi.		11,5	5.000.000 kr
	2	Styður við menningu, ferðabjónustu og nýsköpun, en er staðbundin að mestu í upphafi.	3	Skapar nýja ferðabjónustuleið og eflir sögutengda nýsköpun; nú fyrst og fremst staðbundin.	Getur skapað varanlega ferðabjónustuleið ef hún er viðhaldið; háð rekstrarfjármögnun.	3	Fyrsti áfangi fjármagnaður, en framhald og úrvækkun háð frekari stuðningi.		11,5	3.800.000 kr

Úthlutað miðað við samþykkt á fundi 33.200.000 kr. sem er 113.000 kr. meira en áætlað fjármagn segir til um. Fagraðið felur starfsmönnum SASS að skoða hvernig hægt er að útfæra það. Fagraðið samþykkti að leggja það fyrir stjórn að verkefni sem merkt eru með bláu séu sett fram sem Áhersluverkefni fyrir árið 2025. Einnig myndu þau vilja sjá verkefnið Menntahvöt+ verða forgangsverkefni ef fjármagn leyfir. Fleira ekki gert.